

51. sambandsþing UMFÍ

haldið að Laugarbakka í Miðfirði 11.–13. október 2019

DAGSKRÁ ÞINGSINS:

Föstudagur 11. október

- Kl. 18:00 Þingsetning
- Kl. 18:20 Kosning starfsmanna þingsins
- Kl. 18:30 Ágrip af skýrslu stjórnar
- Kl. 18:30 Ávörp gesta
- Kl. 19:00 Viðurkenningar
- Kl. 20:00 Hátíðarkvöldverður og skemmtun

Laugardagur 12. október

- Kl. 09:00 Kjörbréfanefnd skilar álit
- Kl. 09:15 Skýrsla stjórnar frh. og reikningar
- Kl. 10:15 Umræður og afgreiðsla skýrslu stjórnar og reikninga
- Kl. 11:00 Kynningar frá nefndum UMFÍ
- Kl. 11:30 Mál lögð fyrir þingið
- Kl. 12:00 Hádegismatur
- Kl. 13:00 Nefndastörf
- Kl. 13:00 Aðildar- og laganeftnd
- Kl. 15:00 Allsherjarnefnd
- Kl. 15:00 Fjárhagsneftnd
- Kl. 17:00 Nefndir skila álit
- Kl. 20:00 Kvöldverður

Sunnudagur 13. október

- Kl. 09:30 Umræður og afgreiðsla mála
- Kl. 11:30 Hádegismatur
- Kl. 12:30 Kosning formanns
Kosning stjórnarmanna og varamanna
- Kl. 13:30 Kynning á verkefnum UMFÍ
- Kl. 13:45 Önnur mál
- Kl. 14:00 Þingslit

ÞINGSETNING

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna og sagði að stærsta verkefni þingsins yrði að horfa til framtíðar. Þar væru stóru verkefni sem ungmennafélagshreyfingin mun vinna að í sameiningu – samfélaginu öllu til góða. Með þessu sambandsþingi UMFÍ lýkur tveggja ára kjörtímabili núverandi stjórnar og því taldi Haukur rétt að líta yfir farinn veg. Hann sagði sérstaklega ánægjulegt að sjá aukna virkni innan hreyfingarinnar. Það væri í samræmi við áherslur um aukna samvinnu sem myndi auka skilvirkni og bæta starfið, sem síðan skilaði sér til iðkenda.

Hann taldi stjórn UMFÍ hafa vikkad sjóndeildarhring sinn, bætt samtalið við ungmennafélög um allt land, farið í kynnisferðir bæði innanlands og utan og unnið markvisst með sambandsaðilum UMFÍ að því að tengja þá saman. Allt snerist þetta um að auka samvinnu sambandsaðila og íþróttahreyfingarinnar allrar til að bæta starfið. Haukur þakkaði starfsfólki UMFÍ fyrir að fylgja stjórn eftir í þessari vegferð. Hann sagði að stjórn hefði ekki aðeins bætt samvinnu innan UMFÍ heldur hefði hún líka unnið með fleiri aðilum utan hennar, s.s. Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands og sérsamböndum þess, KKÍ, BLÍ, FRÍ, KSÍ o.fl. Það væri jákvætt enda skilaði samvinna alltaf betri árangri.

Haukur sagðist vera sérstaklega stoltur af verkefninu Vertu með! Markmið þess væri að stuðla að aukinni þátttöku barna og unglinga af erlendum uppruna um allt land í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Nokkrir sambandsaðilar UMFÍ voru valdir til að vinna að verkefninu á sínu starfssvæði. Verkefnið hlaut styrk bæði frá barna- og velferðarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hann þakkaði fyrir styrki ráðuneytanna. Það sýndi að málefnið væri brýnt. Með innleiðingu verkefnisins legðust allir á eitt um að bjóða börn og ungmenni af erlendum uppruna velkomin í samfélag okkar og hjálpa þeim að taka þátt í því. Í þessu verkefni væri samvinnan allt um lykandi. Hann sagði einnig að samvinnan innan UMFÍ og stuðningur hins opinbera væri mikilvæg svo íþróttá- og ungmennafélagshreyfingin geti bætt samfélagið.

Annað málefni sem Haukur sagði að brynni á stjórn UMFÍ væri umræðan um ofbeldi í öllum þeim myndum sem það getur birst í íþróttastarfi. Hann sagði að MeToo-hreyfingin hreyfði við fólki og fagnaði því hversu fljótt stjórnvöld hefðu brugðist við ákalli íþróttahreyfingarinnar um aðgerðir gegn ólíðandi ofbeldi og sett saman vinnuhóp um málið, en UMFÍ átti fulltrúa í honum. Niðurstaðan birtist í frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra um samskiptaráðgjafa fyrir íþróttá- og æskulýðsstarf. Sagði hann að nú styttest í að ráðið verði í starfið og bætti við að þessi farvegur væri til bóta enda nauðsynlegt að færa meðferð allra mála úr nærumhverfi sínu í hendur fagfólks.

Haukur vék þá máli sínu að öðrum stórum verkefnum stjórnar. Hann sagði að allt þetta ár hefði stjórnin unnið að undirbúningi og flutningi Ungmennabúða UMFÍ frá Laugum í Sælingsdal til Laugarvatns. Samningur UMFÍ við Dalabyggð hefði náð til sumars 2019 auk þess sem fasteignirnar á Laugum voru auglýstar til sölu. Í Ungmennabúðunum er lögð áhersla á útivist, hreyfingu og félagsfærni. Markmiðið að styrkja félagsfærni nemenda sem þangað koma, efla vitund þeirra fyrir umhverfi sínu og hvetja þá til að til að hafa heilbrigðan lífsstíl að leiðarljósi. Haukur sagði að Ungmennabúðir UMFÍ hefðu fest sig í sessi á þeim 14 árum sem þær hafa starfað og fengið lofsamlega dóma hjá skólastjórnendum um allt land. Frekar en að hætta starfsemi Ungmennabúðanna hefði stjórn UMFÍ ákveðið að flytja þær. Haukur sagði að mikil orka og kostnaður hefði farið í þessa flutninga til Laugarvatns. Starfsemi Ungmennabúðanna á Laugarvatni hófst í ágúst sl. og sagði hann þær ganga vonum framár. Anna Margrét Tómasdóttir og Jörgen Nilsson stýra búðunum á nýjum stað, í nýju umhverfi og með nýjum möguleikum í starfsemi.

Haukur sagði að stór hreyfing eins og UMFÍ geti haft áhrif í samfélaginu og sagði jafnframt að hún ætti að gera það. Innan íþróttá- og æskulýðshreyfingarinnar væru margir sjálfbóðaliðar sem legðu mikið á sig til að gera það að veruleika. Það sé ómetanlegt starf.

Hann lagði áherslu á að hreyfingin ynni með stjórnvöldum að jákvæðum málum og í samræmi við áherslur í lýðheilsuáttum fyrir samfélagið. Stjórnvöld styddu við stefnu hreyfingarinnar með nýttkominni stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum. Hann bætti við að auðvitað byggji hreyfingin starf sitt að stærstum hluta á stefnu sinni sem er „Samfélaginu til góða“.

Haukur sagði að hreyfingin gæti komið enn sterkar að forvarnamálum og haft sitt að segja, það sé aðkallandi nú sem fyrr. Hann nefndi sem dæmi forvarnir í fíkniefnamálum og um rafrettur og mikilvægi stuðnings í því að efla lýðheilsu landsmanna á allan mögulegan hátt. Undanfarið hafi verið umræða um átak til að auka hreyfingu eldri borgara. Það sé gott mál. Hann lagði áherslu á að við hugum almennt að lýðheilsu, frá barnsaldri, hreyfingu og heilsu yngra fólks og áhrifanna af hreyfingu alla

ævina. Það ættum við að gera sem kröftug rödd íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Saman komum við fólki á hreyfingu. Það sé eins og starf okkar – samfélaginu til góða. Hann sagði að forvarnir væru eilíft verkefni og þar megi aldrei gefa eftir. Hann sagðist vona að stjórnvöld vinni með ungmennafélagshreyfingunni að því að bæta grunninn.

Í tengslum við forvarnir minnti Haukur sérstaklega á mótin á næsta ári: Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður í Borgarnesi og Íþróttaveisluna (Landsmótið) sem haldin verður í Kópavogi í júní. Svo væri það forvarnaverkefnið Unglingalandsmót UMFÍ sem verður haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina. Hann hvatti sambandsaðila UMFÍ sérstaklega til að skrá dagsetningarnar hjá sér og alla aldurshópa til að fjölmenna á mótin.

Haukur sagði að rafsport eða rafíþróttir væru mjög vaxandi og hefðu verið talsvert í umræðunni. Við hefðum fengið kynningu frá Rafíþróttasamtökum Íslands og í framhaldinu taldi hann að við ættum að taka rafíþróttafólki opnum örmum. Rafíþróttir væru eins og hver önnur nýjung í íþróttastarfi. Mikilvægt sé að búa nýjum iðkendum faglega umgjörð og aðstöðu. Það geti íþrótta- og ungmennafélögin gert. Félagin ættu að styrkjast með auknum fjölda félaga og félögin styrkja einstaklingana. Haukur hvatti þingheim til að skoða rafíþróttir með opnum huga.

Haukur sagðist vera kominn að máli málanna: inngöngu íþróttabandalaga. Hann sagði að innan UMFÍ væri einungis hluti íþróttahéraða en við hefðum staðfestar umsóknir þriggja íþróttabandalaga um aðild að UMFÍ. Verði af inngöngu þeirra nú á þessu sambandsþingi muni UMFÍ stækka verulega og félögum fjölga. Við það muni öll stærstu íþróttahéruðin verða komin inn í UMFÍ. Haukur sagði að sóknarfæri fælust í stækkun UMFÍ. Baklandið yrði öflugra og krafturinn meiri, rödd okkar yrði sterkari. Hann sagði að stærra UMFÍ fæli í sér að hreyfingin gæti tekið að sér stærri verkefni fyrir alla á breiðari grunni og með sem flestum. Þetta væri vissulega stefnumótandi ákvörðun. Hann bætti við að eins og áður hefði verið farið yfir ættu félagslegar og samfélagslegar áherslur UMFÍ erindi í samfélaginu. Við hefðum rödd, en hún gæti orðið sterkari. Haukur ítrekaði að hann styddi að íþróttabandalögum verði veitt aðild að UMFÍ. Hann taldi heilavænlegra að hafa þau innan okkar raða. Ef þau stæðu ein gætu þau tekið sig saman og myndað ein samtök í viðbót, samtök íþróttabandalaga. Þá myndu tvö landssamtök stefna að sama marki. Hann sagði að samvinna skilaði alltaf árangri. Haukur sagði að hann hefði talað fyrir því í gegnum tíðina og að sameiginlegur tónn væri um málið. Hann sagði stjórn UMFÍ stæði öll að baki tillögu um að þau þrjú íþróttabandalög sem sótt hafa um aðild verði samþykkt inn. Þörfin á að endurskoða íþróttahéruðin væri orðin veruleg, ekki hvað síst þegar horft væri til aðstöðumunar og þjónustustigs út um allt land. Hann bætti við að meiri möguleikar fælust í því að samþykkja aðildina. Samkvæmt íþróttalögum á UMFÍ að vinna að skiptingu eða breytingu á íþróttahéruðum ásamt ÍSÍ. Hann sagði að stjórnin teldi hagfelldast að öll íþróttahéruð séu innan UMFÍ, landssambandi ungmennafélaga. Verði aðild íþróttabandalaganna að UMFÍ samþykkt þá yrði það aðeins fyrsta skrefið að langri vegferð sem myndi styrkja minni íþróttahéruð. Haukur sagði að UMFÍ myndi leggja sig fram um að treysta grunninn verði aðildarumsókn íþróttabandalaganna samþykkt. Það eigi m.a. við um skiptingu peninga frá Íslenskri getspá eða lottópeningana. Hann sagði að fyrir þinginu lægi tillaga þess efnis að girt væri fyrir að nýir sambandsaðilar sem teknir verða inn eftir 31. desember 2018 fengju úthlutað fjármagn þáðan fyrr en samið hefur verið upp á nýtt um skiptingu fjárens. Sátt hefði verið um girðinguna í vinnuhópi um umsókn íþróttabandalaga að UMFÍ og stjórn UMFÍ. Íþróttabandalögin væru það líka.

Haukur sagði að eftir 8 ára setu í stjórn UMFÍ teldi hann sig hafa talsverða yfirsýn yfir hvað best væri að gera í stöðunni. Á þeim forsendum hvatti hann þingfulltrúa til að horfa til framtíðar. „Ef við ætlum að efla og styrkja ungmennafélags-hreyfinguna þá skulum við samþykkja tillöguna um inngöngu íþróttabandalaga að UMFÍ. Það mun skila sér í sterkari og breiðari hreyfingu. Það sem mestu máli skiptir er að við munum öðlast betri samningsstöðu í framhaldinu. Við skulum muna að ungmennafélagshreyfingin þarf og verður að standa vörð um sín sérkenni, sínar áherslur og þau gildi sem hafa gert hana sérstaka. Höldum því áfram og eflum ungmennafélagsandann, sem felst í því að efla sjálfan sig, hreyfinguna og samfélagið um leið.“ Haukur sagði framtíð hreyfingarinnar bjarta og að hún ætti fullt erindi í samfélaginu og enn frekar ef hún stækkaði. Að lokum þakkaði Haukur þeim sem hafa setið með honum í stjórn UMFÍ þetta kjörtímabil fyrir gott samstarf. Hann þakkaði sérstaklega þeim Erni Guðnasyni og Hrönn Jónsdóttur, sem nú væru að hætta í stjórninni, fyrir samstarfið og framlag til samtakanna. Loks þakkaði hann starfsfólki UMFÍ fyrir frábært samstarf.

KOSNIR STARFSMENN ÞINGSINS

Formaður bar fram tillögu um að Einar Kristján Jónsson yrði þingforseti og Unnur Valborg Hilmarsdóttir varaþingforseti og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti tók til starfa og bar upp tillögu um að Hrönn Jónsdóttir, Sigurður Óskar Jónsson og Örn Guðnason yrðu þingritarar og var það samþykkt samhljóða.

Þingforseti lagði fram tillögu að skipan í kjörbréfanefnd sem var samþykkt.

Kjörbréfanefnd skipa: Thelma Knútsdóttir, Valdemar Leó Friðriksson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir.

Þingheimur söng síðan „Ísland er land þitt“ þar sem Pálína Fanney Skúladóttir frá Tónlistarskóla Húnaþings vestra lék undir.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, flutti ágríp af skýrslu stjórnar en vísaði jafnframt í ársskýrsluna sem lögð var fram á þinginu.

Hún sagði að um 960 keppendur hefðu verið á Unglingalandsmótinu á Höfn og 266 keppendur á Landsmóti UMFÍ 50+ í Neskaupstað. Hún nefndi einnig að aukin þátttaka hefði verið í óhefðbundnum greinum í mótum á vegum hreyfingarinnar. Hreyfivika UMFÍ gekk vel, sem og ráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“ sem haldin var í Borgarnesi. Sagði hún að mikil vinna hefði farið í flutning Ungmennabúða UMFÍ frá Laugum í Sælingsdal að Laugarvatni og að flutningarnir hefðu tekist afar vel. Hún sagði einnig frá því að 60 fulltrúar sambandsaðila UMFÍ, frá ÍSÍ og ÍBR hefðu farið í fjögurra daga ferð til Danmerkur í lok maí. Ferðin hafi gengið afar vel og m.a. hafi 95% þátttakenda sagst hafa lært eitthvað nýtt í ferðinni.

Auður lauk máli sínu með því að þakka sjálfbóðaliðum sérstaklega fyrir þeirra framlag til hreyfingarinnar.

ÁVÖRP GESTA

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, sagði stjórnvöld vinna að því að endurskoða alla þjónustu við börn og ungmenni á Íslandi. Hann sagði að við þyrfum að líta á íþrótt- og æskulýðsstarf sem hluta af uppeldisstofnunum samfélagsins, sem hluta af uppbyggingu nærsamfélagsins og mikilvæga heilsuefingu og menningarstarfsemi og tengja þetta með beinni hætti inn í allt sem viðkemur þjónustu við börn og ungmenni á landsvísu.

Ásmundur sagði að ráðuneytið hefði kynnt ákveðna stefnumótun nú í október og að við þyrfum að tengja ungmennafélags-hreyfinguna og íþróttastarfið miklu sterkar inn í þá vinnu. Einn af lykilþáttunum væri að sterkari tengingar þyrfti við UMFÍ, ÍSÍ og starfið í íþróttahreyfingunni. Hann sagði einnig að hann vilji setjast sérstaklega niður með UMFÍ til að ræða áherslur í þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu tómstundastarfi.

Ásmundur hrósaði UMFÍ fyrir starf sitt og nefndi sérstaklega Unglingalandsmót UMFÍ, ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði, Umræðupartý og aðra viðburði.

Hann rifjaði síðan upp þegar hann tók sæti í stjórn UDN þegar hann var 16 ára. Hann sagði að eitt sinn hefðu þau verið að skipuleggja héraðsmót Dalamanna og vildu brjóta það upp og hafa skemmtikvöld. Hann ákvað að hringja í alla þingmenn kjördæmisins og fá þá til þess að koma af því að þau ætluðu að hafa kökukast. Hann var búinn að fá bakarann í Búðardal til þess að baka köku með rjóma og ætlaði hann að gera það frítt. Þingmennirnir komu sér allir undan þessu með mjög góðum afsökunum. Var honum hugsað til þess hvernig hann myndi koma sér undan svipaðri beiðni í dag.

Ásmundur sagðist hafa orðið þeirrar ánægju njótandi að fylgja dætrum mínum eftir á Unglingalandsmót UMFÍ. Sagði hann þetta frábæra forvarnarverkefni vera til fyrirmyndar og bætti við að honum sýnist hann muni sækja Unglingalandsmót næstu 14 árin.

Ásmundur hrósaði sérstaklega verkefninu „Vertu með“ sem félagsmálaráðuneytið styrkti árið 2018. Markmið verkefnisins væri að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi með það að markmiði

að styrkja þau sem einstaklinga og efla þau til þátttöku í samfélaginu. Hann sagði að eitt af því sem kom fram í „umræðupartýum“ og hann hefur upplifað í sínum störfum í tengslum við þessa vinnu væri að ungmenni kalli eftir breytingum í starfi íþrótta- og ungmennafélaga. Þau vilji að þar sé í boði starfsemi fyrir ungmenni sem ekki hafa áhuga á afreksmennsku, heldur vilja aðeins vera með og að meiri áhersla sé lögð á félagslegan áhuga og félagslega virkni og þátttöku heldur en afrek eða árangur.

Ásmundur sagði að lokum að hann sæi fyrir sér miklu meira samstarf við íþróttahreyfinguna í framtíðinni og þakkaði sérstaklega það óeigingjarna starf sem hreyfingin vinnur.

Sigríður Jónsdóttir, varaforseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, bar þingheimi kveðjur frá Lárusi Blöndal, forseta ÍSÍ, öðrum stjórnarmönnum og starfsfólki ÍSÍ. Hún sagði að stór ástæða velgengni íslenskra íþróttamanna á alþjóðavettvangi væri mannauðurinn, þ.e. íþróttahreyfingin. Einnig menntun þjálfara sem markvisst hefur verið unnið að síðustu áratugi. Sigríður kom inn á #metoo og samskiptaráðgjafa, sem hún taldi að ætti að vera óháður aðili, utan hreyfingarinnar. Hún ræddi lítillega Felix-kerfið sem hún sagði að væri fyrst og fremst félagakerfi til skráningar. Það væri ekki innheimtukerfi. Hún sagði að glapræði væri að henda kerfinu og fara að hanna nýtt, eins og sumir hafi nefnt. Það væri peningasóun. Hún kom líka inn á rafíþróttir, sem hún taldi vera rangnefni, þar sem það sé ekki íþrótt frekar en bridds, póker eða skák. Betra væri að kalla þetta rafleiki. Hún sagðist að lokum reikna með starfsömu þingi og færði Hauki Valtýssyni, formanni UMFÍ, blómvönd frá ÍSÍ.

VIÐURKENNINGAR

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, greindi frá því að stjórn UMFÍ hefði samþykkt að Helga Guðrún Guðjónsdóttir, fyrrverandi formaður UMFÍ, yrði gerð að heiðursfélaga UMFÍ. Hann afhenti henni af því tilefni heiðurskross hreyfingarinnar og var því fagnað með lófataki.

Helga Guðrún þakkaði fyrir sig, sagði að þessi útnefning hefði verið óvænt en mjög ánægjuleg.

Haukur sæmði síðan Örn Guðnason, fráfarandi varaformann UMFÍ, gullmerki UMFÍ. Því var einnig fagnað með lófataki.

Haukur afhenti síðan Hvatningarverðlaun UMFÍ 2019 en þau hlutu þrjár sambandsaðilar:

Héraðssamband Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu fyrir að stuðla að auknu samstarfi á meðal aðildarfélagum og fyrir að ná vel til barna af erlendum uppruna, Ungmennasamband Kjalarnesþings fyrir reiðskóla Hestamannafélagsins Harðar fyrir fatlaða og fólk með þroskahömlun og Ungmennasamband Austur-Húnavtinga, fyrir frumkvöðlastarf og verkefni fyrir eldri borgara.

ÞINGFUNDI VAR FRESTAÐ KL. 19:20.

HÁTÍÐARKVÖLDVERÐUR HÓFST KL. 20:00.

Undir hátíðarkvöldverði bauðst þingfulltrúum að fara með gamanmál og vísur. **Stefán Skafti Steinólfsson**, UMSE flutti þessar:

Þá er mætti ég á þing
Þar á Laugarbakka
Orðinn var að Eyfirðing
Ég má fyrir þakka

Þunnskipað var þeirra lið
Þó fór allt að vonum
Eyfirðingar ættleiddu
Einn af Dalasonum.

Nú er von á nýrri sýn
Nú fer allt að vonum.
Nú við belgjum nýrra vín
Með nýju bandalögonum.

Vormenn Íslands eigið biðja
Efla skulu kjark og þor.
Bandalögin brjóstvörn prýða
Brátt mun ljóma Íslands vor.
Verndum saman viðkvæm börnin
Veitum fræðslu æsku lands
Sókn er ætíð stærsta vörnin
Styðjum þau til betri manns.

Gjalda skulum líkt með líku
Léttan stígum djöfla dans
Rafrettum og rugli slíku
Rekum beint til andskotans
Við ráðamenn nú raust ég brýni
Rekið burtu anda hnjóðs
Ráðherra nú rænu sýni
Rétti digrar pyngjur sjóðs.

ÞINGI FRAMHALDIÐ KL. 9:00, LAUGARDAGINN 12. OKTÓBER.

KJÖRBRÉFANEFND SKILAR ÁLITI

Thelma Knútsdóttir, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Kjörbréf bárust frá 27 sambandsaðilum og félögum með beina aðild. Þingfulltrúar á kjörbréfum eru 113. Kjörbréf voru síðan samþykkt samhljóða.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ kvaddi sér hljóðs og sæmd Hrönn Jónsdóttur, fráfarandi ritara UMFÍ, gullmerki UMFÍ. Einnig tilkynnti hann að Landsmót UMFÍ 50+ 2021 verði haldið á vegum HSH í Stykkishólmi.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG REIKNINGAR – frh.

Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ, fór yfir reikninga UMFÍ 2018 sem endurskoðaðir eru af BDO endurskoðunar-skrifstofu. Hjá honum kom fram að rekstrarniðurstaða sýndi tekjur umfram gjöld upp á 6.838.388 kr. Eignir eru 488.677.251 kr. og bókfært eigið fé 374.723.835 kr. Eiginfjárhlutfall er 77%.

Spurningar bárust fyrirfram um reikninga frá stjórn HSK þar sem óskað var eftir sundurliðun á liðnum aðrar tekjur - skýring 5 og skýring 7, sundurliðun á gjöldum við mótahald, stjórnun – og umsýsla og kynning og útbreiðsla. Einnig var óskað eftir nánari skýringum á endurheimt verðbréfasafna, hverjar séu viðskiptakröfur 15.037 kr. og hvort ákvörðun hefur verið tekin um að greiða hraðar niður langtímaskuldir.

Guðmundur fór yfir sundurliðanirnar og hverjar þessar viðskiptakröfur væru. Varðandi stöðu á endurheimt verðbréfasafna sagði hann að ekki væri gert ráð fyrir því að neitt fái úr verðbréfasöfnum. Langtímalán var endurfjármagnað hjá Lífeyris-sjóðnum Brú og endurgreiðslutími þar er styttri en áður var. Sagði hann að alltaf væri spurning hvort greiða eigi niður skuldir

og taka þá fjármuni af verkefnum.

UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA SKÝRSLU STJÓRNAR

Helgi S. Haraldsson, HSK, þakkaði greinargóð svör og fór yfir ástæður spurninga frá HSK. Hann taldi eðlilegt að stilla saman ársreikningi og fyrri fjárhagsáætlun til að hægt væri að sjá og bera saman. Einnig að lækka vaxtakostnað með niðurgreiðslu skulda. Þá vildi hann sjá rekstur mótahalds félagsins sem og rekstur Ungmenna- og Tómsbundabúða UMFÍ betur sundurliðað í ársreikningum félagsins.

Guðmundur G. Sigurbergsson þakkaði Helga fyrir hans orð og fagnaði góðum ábendingum um bættu framsetningu.

Engilbert Olgeirsson, HSK, þakkaði fyrir skýrslu stjórnar og einnig góða skemmtun í gærkvöldi. Hann þakkaði Helga Gunnarssyni, fráfaraandi fjármálastjóra UMFÍ, fyrir góð störf í gegnum tíðina og gott samstarf við stjórn og starfsfólk UMFÍ í kringum mótahald. Engilbert sagði að hlúa þyrfti vel að mótahaldi UMFÍ m.a. með því að gera langtímasamninga við styrktaraðila í kringum mót UMFÍ. Hann ræddi um Landsmót UMFÍ (íþróttaveislu í Kópavogi) og hvatti sambandsaðila til að taka fullan þátt þó ekki væri lengur keppni á milli sambandsaðila og form mótsins hafi breyst. Engilbert hvatti einnig sambandsaðila til að standa vörð um Ungmenna- og tómsbundabúðir UMFÍ og sagði mönnum að hvetja skóla á sínu svæði til að taka þátt í þeim. Hann sagði að við sem hreyfing ættum ekki að dæma fólk úr leik eftir því hvaða tómsbundir það vill stunda. Íþróttir fari meira og meira fram utan starfsemi héraðssambanda og að við þyrftum að grípa þau tækifæri sem gefast.

Stefán Skafti Steinólfsson, UMSE, spurði hvort komið hafi til tals að selja húseignina í Sigtún 42 og losa félagið þannig við skuldir. Hann spurði einnig hver staðan væri á Þrastaskógi, hver sæi um skóginn og hvort félagið hefði velt fyrir sér kolefnisjöfnun starfsins. Einnig þakkaði hann fyrir góða skýrslu og gott starf.

Guðmundur G. Sigurbergsson sagði að stjórn UMFÍ hefði 2017 fengið heimild sambandsþings til að selja Sigtún 42 ef viðunandi verð fengist. UMFÍ hefði í samstarfi við aðra húseigendur farið yfir byggingarétt á lóðinni, sem væri til staðar, og að vinna hafi staðið yfir við að átta sig á því hvert virði eignarinnar í rauninni væri. Næstu skref verði síðan ákveðin í framhaldi af þeirri vinnu. Guðmundur sagði að Sigtún 42 væri gott hús á góðum stað og að hreyfingunni lægi ekkert á að selja.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, svaraði fyrirspurn varðandi Þrastaskóg. Hún sagði ýmsar lagalegar flækjur hafa komið upp varðandi leigusamning V63 en nýverið hefði séð fyrir endann á þeim flækjum og útlit fyrir að UMFÍ geti farið að sinna skóginum sem skyldi.

KOSNING UM REIKNINGA OG ÁRSSKÝRSLU STJÓRNAR

Reikningar UMFÍ fyrir 2018 voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

KYNNINGAR FRÁ NEFNDUM UMFÍ

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður framtíðarnefndar UMFÍ, kynnti vinnu nefndarinnar sem fólst í því að horfa til stefnu UMFÍ og þeirra markmiða sem þar koma fram.

Hann nefndi sérstaklega tvö verkefni sem unnin voru, annars vegar upplýsingaöflun vegna framlags sveitarfélaga til íþróttamála sem birtist í Skinfaxa og hins vegar mat á þeim verkefnum sem unnin eru í þjónustumiðstöðinni. Síðara verkefnið fjallaði um könnun og útfærslu á mati þriggja markhópa á því hvernig UMFÍ næði þeim markmiðum sem fram koma í áhersluflokkum stefnu UMFÍ. Hóparnir sem voru spurðir voru stjórn UMFÍ, starfsfólk þjónustumiðstöðvar (skrifstofunnar) og sambandsaðilar. Niðurstaða könnunarinnar leiddi m.a. í ljós að samtökin virðast almennt á réttri leið með vinnu sína í öllum flokkum nema því sem tengist náttúru og umhverfi. Vinnuhópnum fannst eftirtektarverður munur annars vegar á mati stjórnar og sambandsaðila á flestum áherslupáttum og hins vegar á mati skrifstofunnar á sömu þáttum þar sem skrifstofan gaf almennt lægri einkunnir.

Þá voru sýndar mögulegar tengingar á þeim verkefnum sem kynnt voru í Danmerkurferðinni til að stuðla að enn betri árangri stefnumarkmiðanna. Stefnan er síðan sú að vinna nánar með þessar niðurstöður til að uppfylla enn betur þau markmið sem koma fram í stefnu hreyfingarinnar.

MÁL LÖGÐ FYRIR ÞINGIÐ

Tvær tillögur bárust eftir að tilskyldur frestur rann út, annars vegar tillaga frá HSK og hins vegar tillaga frá Ungmennaráði UMFÍ. Þingið samþykkti samhljóða að taka þær báðar til umræðu og fengu þær númerin 15 og 16.

Haukur Valtýsson mælti fyrir tillögum 1–12.

Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir, UDN, frá Ungmennaráði UMFÍ, mælti fyrir tillögu 16.

Aðrar tillögur voru lagðar fram af þingforsetum.

Þingforseti bar upp dagskrábreytingartillögu um að tillaga nr. 9, sem vísað hefur verið til aðildar-og laganefndar, verði tekin til kosninga um leið og umræðu nefndarinnar lyki en verði ekki geymd fram að afgreiðslu annarra tillagna.

Þórir Haraldsson HSK taldi ekki skýrt hver tillaga þingforseta væri.

Tillagan þingforseta var borin upp og felld með 32 atkvæðum gegn 29.

Þingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun 2020
Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019, samþykkir fjárhagsáætlun UMFÍ 2020.

Heildaryfirlit um rekstur 2020

Áætlun

	Aðalsjóður	Ungmenna búðir	Fræðslu og verk.sjóður	Umhverfis- sjóður	Samtals
Rekstrartekjur:					
Ríkisframlag	111.800.000	17.800.000			129.600.000
Lottó og getraunir	176.340.000		13.160.000		189.500.000
Aðrar tekjur	60.430.000	68.500.000		700.000	129.630.000
	348.570.000	86.300.000	13.160.000	700.000	448.730.000
Rekstrargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	70.357.913	44.594.998			114.952.911
Annar rekstrarkostnaður	120.927.420	41.237.000			162.164.420
Lottó til sambandsaðila	148.401.500				148.401.500
Veittir styrkir	2.000.000		13.160.000	1.000.000	16.160.000
Afskriftir	3.679.680	979.680			4.659.360
	345.366.513	86.811.678	13.160.000	1.000.000	446.338.191
Afkoma f. fjármagnsliði	3.203.487	(511.678)	0	(300.000)	2.391.809
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Vaxtatekjur	800.000		1.000.000	400.000	2.200.000
Greiddir vextir og verðbætur	(2.550.000)				(2.550.000)
Áfallnar verðbætur	(1.350.000)				(1.350.000)
	(3.100.000)	0	1.000.000	400.000	(1.700.000)
	103.487	(511.678)	1.000.000	100.000	691.809
Rekstrarniðurstaða:	103.487	(511.678)	1.000.000	100.000	691.809

Visað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 2

Þakartillögur
Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Ráðherra mennta- og menningarmála, ríkisstjórn og alþingi, þakkir fyrir þeirra framlag við uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

- Ráðherra mennta- og menningarmála, ríkisstjórn og alþingi, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekja athygli á því mikilvæga íþrótta-, menningar- og umhverfisstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.
- Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, þakkir fyrir skjót og góð viðbrögð við #églika byltingunni hjá íþróttakönungum. Ráðherra tók vel í áherslur og ályktanir hreyfingarinnar og er skipun samskiptaráðgjafa í íþrótta- og æskulýðsstarfi einn liður í þeim aðgerðum sem sérstaklega bera að þakka.
- Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra, og starfsfólki ráðuneytisins þakkir fyrir að stefnumótun í íþróttamálum hefur verið gefin út. UMFÍ hlakkar til samstarfsins á næstu árum.
- Bæjarstjórn og sveitarfélaginu Fjarðabyggð fyrir góða aðstöðu og móttökur á 9. Landsmóti UMFÍ 50+, UÍA fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð, svo og sjálfboðaliðum fyrir það mikla sjálfboðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.
- Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir góða aðstöðu og móttökur á 22. Unglingalandsmóti UMFÍ, USÚ fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð, svo og sjálfboðaliðum fyrir það mikla sjálfboðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.
- Æskulýðsvettvanginum og aðildarfélögum hans fyrir vel unnin störf og hvatningu til áframhaldandi góðra verka.
- Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, stjórn og starfsmönnum fyrir afar gott samstarf á árinu og vel unnin störf. Þá hvetur sambandsþing UMFÍ til áframhaldandi aukins samstarf á komandi árum.

Visað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 3

Hvatningartillögur Tillögur frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi til sambandsaðila:

- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 23. Unglingalandsmót UMFÍ í Selfossi 2020.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á Íþróttaveislu í Kópavogi 2020, 29. Landsmót UMFÍ.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 10. Landsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi 2020.
- Hvetja sambandsaðila til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði á vegum Rannís (Erasmus) til að efla starfið á sínu svæði.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér Æskulýðsvettvanginn og nýta sér þau verkefni sem hann hefur upp á að bjóða.
- Hvetja sambandsaðila til aukins samstarfs við rannsóknar- og háskólasamfélagið.

Visað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 4

Rafíþróttir Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 hvetur stjórn UMFÍ og sambandsaðila til að eiga samstarf við Rafíþróttasamtök Íslands varðandi starfsemi og skipulag æfinga, aðstöðu fyrir iðkun og eftirlit rafíþrótta.

Greinargerð: Iðkun rafíþrótta hefur verið sívaxandi síðustu árin. Ljóst er að fjöldi fólks á ýmsum aldri stundar slíka tölvuleiki/íþróttir og víða eru haldnar stórar keppnir á þessu sviði. Leggja þarf sérstaka áherslu á að halda utan um iðkun barna og unglinga. Samkvæmt Rafíþróttasamtökunum er mikil áhersla lögð á að standa fyrir skipulögðum æfingum rafíþrótta og tengja við líkamlegar æfingar og heilbrigðan lífsstíl. Það er því jákvætt að vinna að því að deildir félaga eða félög sem

hafa rafíþróttir innan sinna raða og starfa innan íþróttá- og ungmennafélaga geti boðið aðstöðu í eða sem næst öðru íþróttastarfi sem fyrir er. Með því móti næst meiri tenging við annað íþróttastarf og afþreyingu á vegum félaga, auk þess sem gæsla og eftirlit með ungum iðkendum er betri.

Visað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 5

Ráðstefna um forvarnir Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að hefja undirbúning ráðstefnu sem haldin verði á vormánuðum 2020 um forvarnir á breiðum grundvelli, m.a. í samstarfi við heilbrigðisyfirvöld og menntastofnanir.

Greinargerð: UMFÍ leggur áherslu á að vera leiðandi í fræðslu- og forvarnastarfi, íþróttaiðkun og hreyfingu og vinna að bættri lýðheilsu landsmanna, skv. stefnu UMFÍ. Ýmsir lífsstílsjúkdómar eru vaxandi vandamál á Íslandi, líkt og víða í hinum vestræna heimi, og fyrir séð að kostnaður íslenska ríkisins vegna þeirra muni aukast verulega á komandi árum. Ráðstefnunni er ætlað að koma á samtali á milli sérfróðra aðila og almennings um lífsstílsjúkdóma og lausnir, með UMFÍ og sambandsaðila þess í fararbroddi.

Visað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 6

Umhverfismál Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að gera úttekt á umhverfisáhrifum af starfsemi og viðburðum UMFÍ og möguleikum til að draga úr neikvæðum áhrifum, í samræmi við stefnu UMFÍ. Niðurstaða úttektarinnar verði kynnt á sambandsráðsfundi 2020.

Visað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 7

Getspá og Getraunir Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 hvetur sambandsaðila til þess að standa vörð um starfsemi fyrirtækjanna Íslenskrar getspár og Íslenskar getraunir. Þingið hvetur jafnframt yfirvöld til þess að grípa tafarlaust til aðgerða varðandi ólöglega starfsemi veðmálafyrirtækja sem bjóða hana hér á landi.

Greinargerð: Fyrirtæki íþróttahreyfingarinnar, Íslensk getspá og Íslenskar getraunir hafa lengi greitt arð til eigenda sinna, íþróttá- og ungmennahreyfingarinnar og Öryrkjabandalagsins. Mikilvægt er að hvetja sambandsaðila til að standa vörð um þá tekjustofna sem koma frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum og nýta betur þau tækifæri sem felast í þeim.

Visað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 8

Lottó
Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að skipa starfsnefnd sem hefur það hlutverk að skoða og leggja mat á áreiðanleika þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar við útteilingu lottótekna og jafnframt kanna kosti og galla þess að nota aðra mælikvarða við útteilingu lottótekna. Nefndin skili niðurstöðum á sambandsráðsfundi UMFÍ 2020.

Vísad til fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 9

Aðild að UMFÍ
Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir umsókn íþróttabandalaga um aðild að UMFÍ. Tillagan tengist þingskjali 10 og 11 um lagabreytingar og lottó-reglugerð.

Greinargerð: Stjórn UMFÍ styður einróma að öllum íþróttahéruðum landsins sé gefinn kostur á aðild að UMFÍ. Í íþróttalögum kemur fram að landinu er skipt upp í 25 íþróttahéruð. Þau skiptast í héraðssambönd, ungmennasambönd og íþróttabandalög. Öll héraðs- og ungmennasambönd eiga nú þegar aðild að UMFÍ.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64/1998 í íþróttalögum annast ÍSÍ og UMFÍ skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum. Þá er meðal markmiða í nýútgefinni íþróttastefnu til 2030 að íþróttahéruð verði endurskipulögð og hlutverk þeirra skilgreind að nýju. Eigi UMFÍ að sinna uppbyggingu og stjórnskipulagi þeirra telur stjórn UMFÍ æskilegt að íþróttahéruðin séu aðilar að UMFÍ. Þá er það í samræmi við gildi og tilgang UMFÍ að veita flestum tækifæri til að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi. Til viðbótar kemur fram í lögum UMFÍ að starfa skuli í anda jafnréttis. Kjörorð og markmið UMFÍ eru ræktun lýðs og lands. Þeim markmiðum telur stjórn UMFÍ náð með aðild íþróttabandalaga að UMFÍ. Til frekari upplýsinga er vísað til nefndarálits vinnuhóps um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ.

Vísad til aðildar- og laganefndar.

Þingskjal nr. 10

Lagabreytingar
Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum UMFÍ. Tillagan tengist þingskjali 9 og 11 um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ og lottó-reglugerð. Tillögurnar fela í sér breytingar í tengslum við aðild að UMFÍ; 4. grein, 5. grein, 9. grein og 12. grein.

Greinargerð: Vísad er til nefndarálits vinnuhóps um aðild íþróttabandalaga.

Sjá nánari greinargerð við hverja grein.

Viðbætur eru skáletraðar og texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður. Hver lagagrein eins og hún verður í heild sinni er svo sett upp þar sem um veigameiri breytingar er að ræða til skýringar.

Lög Ungmennafélags Íslands

III. kafli: Réttindi og skyldur

4. grein

UMFÍ skiptist í héraðssambönd og ungmennasambönd. Einnig geta ungmennafélög innan héraðssambanda, og ungmennasambanda sem ekki eru aðilar að UMFÍ og ungmennafélög á svæðum þar sem slík sambönd eru ekki starfandi, gerst aðilar að UMFÍ. Aðilar að UMFÍ skulu hafa heitin „héraðssamband“, „ungmennasamband“ eða „ungmennafélag“ í heiti sínu.

UMFÍ skiptist í íþróttahéruð. Einnig geta ungmenna- og íþróttafélög innan íþróttahéraða sem ekki eru aðilar að UMFÍ gerst aðilar.

4. grein í heild sinni eftir breytingar

UMFÍ skiptist í íþróttahéruð. Einnig geta ungmenna- og íþróttafélög innan íþróttahéraða, sem ekki eru aðilar að UMFÍ, gerst aðilar.

Greinargerð: UMFÍ er landssamband og því er eðlilegt að öll íþróttahéruð hafi jafnan rétt til að gerast aðilar að UMFÍ hvað sem þau heita, enda er í lögum þessum kveðið um að starfa í anda friðar og jafnréttis.

5. grein

Inntökubeiðni ~~héraðssambands eða félags~~ í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum ~~þess umsækjanda~~ sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku, ~~en stjórn UMFÍ getur voitt félagi bráðabirgðaaðild milli þinga~~. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og ~~héraðs~~samböndum úr UMFÍ.

5. grein í heild sinni eftir breytingar

Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og samböndum úr UMFÍ.

IV. kafli: Stjórnun UMFÍ

9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. maí það ár sem þing er haldið sem hér segir:

1 fulltrúa fyrir 1–200 skattskyldra félaga.

1 fulltrúa fyrir 201–~~400~~ 1000 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja ~~800~~ 1000 skattskyldra félaga þar yfir en þó með hámarki ~~17~~ 10 fulltrúa.

Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn ~~héraðssambanda, og ungmennasambanda og íþróttahéraða~~ eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sambandsþing er lögætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, ~~sem er~~ (almanaksárið), *sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.*
- Lagabreytingar.

- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 stjórnarmenn og 4 varastjórnarmenn.
- Kjósa 5 aðalmenn og tvo varamenn í kjörnefnd, [kjósa 2 skoðunarmenn og 2 til vara](#).
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- [Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ](#)

Aukaping er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess og skal það þá boðað eftir lögum um boðun sambandsþings.

9. grein í heild sinni eftir breytingar

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. maí það ár sem þing er haldið sem hér segir:

1 fulltrúa fyrir 1–200 skattskyldra félaga.

1 fulltrúa fyrir 201–1000 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 1000 skattskyldra félaga þar yfir en þó með hámarki 10 fulltrúa.

Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sambandsþing er lögætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Lagabreytingar.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 stjórnarmenn og 4 varastjórnarmenn.
- Kjósa 5 aðalmenn og tvo varamenn í kjörnefnd,
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ

Aukaping er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess og skal það þá boðað eftir lögum um boðun sambandsþings.

Greinargerð: breytingar eingöngu á síðasta hluta greinarinnar þ.e. varðandi verkefni sambandsþings, áritun löggilts endurskoðanda og aukaping

12. grein

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi. [Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til ef ~~þetta~~](#) um lagabreytingu er að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna. [Hjáseta telst ekki greitt atkvæði.](#)

12. grein í heild sinni eftir breytingar

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til ef um lagabreytingu er að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði.

Greinargerð: Orðalagsbreyting á lögum til þess að áherslur séu skýrari um aukinn meirihluta og talningu atkvæða.

Visað til aðildar- og laganefndar.

Reglugerð um lottóreglur og lottóúthlutanir
Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir eftirfarandi breytingar á lottó-reglugerð UMFÍ. Tillagan tengist þingskjali 9 og 10 um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ og lagabreytingum.

Greinargerð: Vísað er til nefndarálits vinnuhóps um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ

Lottóreglur og lottóúthlutanir

I. Skipting lottótækna UMFÍ:

1. 79% til sambandsaðila.
2. 14% til UMFÍ.
3. 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótækna sambandsaðila UMFÍ:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir
Einn hlutur: héraðssambönd.

30% af hlut: Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFF, UMFP og UFA.

10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji

IV. Regla vegna íbúafjölda:

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagsskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu

Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

VII. Nýir sambandsaðilar.

Nýir sambandsaðilar UMFÍ fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari 38 mánuðum eftir inngöngu.

Félög með beina aðild að UMFÍ halda óskiptum lottógreiðslum, þar til héraðssamband þess fær lottógreiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandaaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 12. grein laga UMFÍ.

VIII. Um úthlutun.

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilgrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Bráðabirgðaákvæði

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á ~~48.51~~ sambandsþingi UMFÍ ~~2013~~ 2019.

Visað til aðildar- og laganefndar.

Þingskjal nr. 12

Lagabreytingar Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum UMFÍ.

Tillögur eru gerðar um lagabreytingar á 2., 3., 7., 8., 10., 11., 13., 14. og 17. grein.

Greinargerð: Tillögurnar eru gerðar til nánari skilgreiningar laga UMFÍ og í samræmi við verklag sem nú þegar er viðhaft.

Sjá nánari greinargerð við hverja tillögu.

Viðbætur eru skáletraðar og texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður. Hver lagagrein eins og hún verður í heild sinni er svo sett upp þar sem um veigameiri breytingar er að ræða til skýringar.

Lög Ungmennafélags Íslands

2. grein

Fáni UMFÍ er Hvítbláinn.

Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt.

Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess. *Merki UMFÍ er eign UMFÍ og verndað vörumerki.*

2. grein í heild sinni eftir breytingar

Fáni UMFÍ er Hvítbláinn.

Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt.

Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess. Merki UMFÍ er eign UMFÍ og verndað vörumerki.

II. kafli: ~~Markmið~~ Hlutverk UMFÍ

3. grein

~~Markmið~~ Hlutverk UMFÍ er ræktun lýðs og lands. ~~Markmiði~~ Hlutverki sínu hyggst UMFÍ ná með því að: *Vinna eftir samþykktri stefnu UMFÍ eins og hún er hverju sinni, með áherslu á arfleifð UMFÍ sem grundvallast í eftirfarandi setningum:*

- ~~Vinna að líkamlegum og félagslegum þroska félagsmanna sinna með því að~~ Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
- Standa fyrir iðkun íþróttta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu.
- ~~Varðveita menningarlegt og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.~~
- Starfa í anda friðar og jafnréttis.
- Vinna ~~gegn neyslu áfongis, tóbaks og annarra vímuefna~~ *ofneyslu hvers konar vímuefna.*
- Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
- Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.
- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, átt Haga og ættjörð.

3. grein í heild sinni eftir breytingar

Hlutverk UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Hlutverki sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna eftir samþykktri stefnu UMFÍ eins og hún er hverju sinni, með áherslu á arfleifð UMFÍ sem grundvallast í eftirfarandi setningum:

- Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
- Standa fyrir iðkun íþróttta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu.
- Starfa í anda friðar og jafnréttis.
- Vinna gegn hvers konar vímuefna.
- Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
- Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.
- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, átt Haga og ættjörð.

Greinargerð: Hér er lögð til breyting í samræmi við innihald greinarinnar og starfsemi UMFÍ.

III. kafli: Réttindi og skyldur

7. grein

Hvert ~~aðildar~~félag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum reglulegum félagsmanni fullra ~~sex~~ *átján* ára og eldri eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. *Árgjald skal ákveðið á sambandsþingi UMFÍ.* Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og *senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.* ~~skýrsluna, ásamt félagaskrá með kennitölum, í tveimur eintökum til héraðssambands. Héraðssamband sendir annað eintakið til UMFÍ fyrir lok aprílmánaðar. Skylt or héraðssamböndum að semja skýrslu á sama hátt. UMFÍ leggur til skýrslueyðublað.~~

7. grein í heild sinni eftir breytingar

Hvert aðildarfélag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum reglulegum félagsmanni fullra átján ára og eldri eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Árgjald skal ákveðið á sambandsþingi UMFÍ.

Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

Greinargerð: Hér er lagt til að aðlaga lög UMFÍ að þeim verkferlum sem er í raun verið að vinna eftir.

8. grein

Sérhver *félagi aðildarfélags innan UMFÍ ungmennafélagi* hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum *ungmennafélaganna-innan hreyfingarinnar*.

8. grein í heild sinni eftir breytingar

Sérhver félagi aðildarfélags innan UMFÍ hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum innan hreyfingarinnar.

Greinargerð: Innan UMFÍ er fjöldi félaga sem hefur ekki ungmennafélag í nafni sínu, m.a. íþróttafélög, golffélög, hestamannafélög o.fl. Tillagan um breytingu er í samræmi við skipulag hreyfingar.

IV. kafli: Stjórnun UMFÍ

10. grein

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs, *sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda*.

Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta sambandsþing til afgreiðslu.

- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

Greinargerð: Breytingin er í samræmi við verkferla sem eru til staðar.

11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö *einstaklingum mönnum*: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex menn sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir ~~menn~~ *einstaklingar* og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra ~~menn~~ *einstaklinga* sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal *á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar* dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara sem starfar til loka næsta sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing.

Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu *a.m.k. þrjú* fulltrúar frá hverju kjördæmi *þar sem starfandi er héraðssamband sem er aðili að UMFÍ*. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri ~~menn~~ en *þrjú einn* úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjú menn og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. *Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda*.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

~~Skóðunarmenn skulu vera tveir og tveir til vara.~~

11. grein í heild sinni eftir breytingar

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex menn sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir einstaklingar og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar. Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá menn og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

V. kafli: Landsmót og Unglingalandsmót

13. grein

~~Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.~~

~~Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili úr hópi umsækjanda skal halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna.~~

~~Meðal annars skal gæta eftirtalinnna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna:~~

- ~~— Þau endurspegli eftir fönfum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar.~~
- ~~— Aðstaða til keppnisþrötta sé eins góð og kostur er.~~
- ~~— Almenningsi sé gefinn kostur á þátttöku.~~
- ~~— Þau séu vímulaus.~~
- ~~— Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri.~~
- ~~— Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.~~

Stjórn UMFÍ samþykkir reglugerðir um Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót UMFÍ 50+ og aðra viðburði og ákveður hvar þeir skulu haldnir hverju sinni.

13. grein í heild sinni eftir breytingar

Stjórn UMFÍ samþykkir reglugerðir um Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót UMFÍ 50+ og aðra viðburði og ákveður hvar þeir skulu haldnir hverju sinni.

Greinargerð: Reglugerð um Landsmót tekur á þessum þáttum og því ekki nauðsynlegt að hafa í lögum UMFÍ ákvæði um einstaka viðburði.

VI. kafli: Heiðursviðurkenningar

14. grein

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá ~~mann~~ einstaklinga er unnið hafa ungmennafélagshreyfingunni óvenju mikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

17. grein

Sambandslög þessi öðlast ~~þegar~~ gildi *við þingslit þess þings sem þau eru samþykkt á*. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

17. grein í heild sinni eftir breytingar

Sambandslög þessi öðlast gildi við þingslit þess þings sem þau eru samþykkt á. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

Samþykkt á ~~50.~~ 51. sambandsþingi UMFÍ ~~2017-2019~~.

Vísað til aðildar- og laganefndar.

Þingskjal nr. 13

Rafíþróttir Tillaga frá stjórn UMSK

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að skipa starfsnefnd sem hefur það hlutverk að skoða og koma með tillögu um hvaða leið við í ungmennafélagshreyfingunni viljum fara varðandi rafíþróttir. Nefndin skili niðurstöðum á sambandsráðsfundi UMFÍ haustið 2020.

Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 14

Lagabreyting Tillaga frá stjórn UMSK

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir eftirfarandi breytingu á 9. gr. í lögum UMFÍ. Viðbætur eru skáletraðar og texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður

9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvort ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skila skal í síðasta lagi 15. apríl það ár sem þing er haldið sem hér segir:

1 fulltrúa fyrir 1–200 skattskyldra félaga.

1 fulltrúa fyrir 201–400 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 800 skattskyldra félaga þar yfir ~~en þó með hámarki 17 fulltrúa~~ *en þó með hámark 5 fulltrúa frá félögum með beina aðild að UMFÍ og 17 fulltrúa frá öðrum sambandsaðilum.*

Vísað til aðildar- og laganefndar.

Þingskjal nr. 15

Tillaga frá stjórn HSK

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 hvetur ungmennafélög til að hefja stórátak í skógrækt og landgræðslu til að vinna að landbótum og bindingu kolefnis og leita eftir atvikum samstarfs um það við félög og stofnanir sem að þeim málum vinna. Jafnframt eru ungmennafélög hvött til að leita leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfsemi sinnar.

Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 16

Lagabreyting

Tillaga frá Ungmennaráði UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir eftirfarandi breytingu á 11. gr. í lögum UMFÍ:

Stjórn UMFÍ skal skipuð ~~sju~~ átta mönnum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum *og fulltrúa úr Ungmennaráði UMFÍ.*

Vísað til aðildar- og laganefndar.

Tillaga um skipan formanna nefnda

Aðildar- og laganefnd: Guðríður Aadnegard og Ragnheiður Högnadóttir

Allir þingfulltrúar starfa í þessari nefnd.

Starfsmenn nefndar: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Sabína Steinunn Halldórsdóttir

Allsherjarnefnd: Sigurður Eiríksson, UMSE

Starfsmaður nefndar: Ragnheiður Sigurðardóttir

Fjárhagsnefnd: Reimar Marteinson, USVH

Starfsmaður nefndar: Auður Inga Þorsteinsdóttir

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Kaffihlé - Nefndastörf

Nefndarstörf fóru þannig fram að fyrst fundaði Aðildar- og laganefnd, enda störfuðu allir þingfulltrúar í henni. Eftir það skipti þingheimur sér niður í hinar tvær nefndirnar.

Þingstörfum frestað

NEFNDIR SKILA ÁLITI

Aðildar- og laganefnd

Ragnheiður Högnadóttir og Guðríður Aadnegard gerðu grein fyrir starfi nefndarinnar.

Þingskjal nr. 9

Aðild að UMFÍ Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir umsókn íþróttabandalaga um aðild að UMFÍ. Tillagan tengist þingskjali 10 og 11 um lagabreytingar og lottó-reglugerð.

Greinargerð: Stjórn UMFÍ styður einróma að öllum íþróttahéruðum landsins sé gefinn kostur á aðild að UMFÍ. Í íþróttalögum kemur fram að landinu er skipt upp í 25 íþróttahéruð. Þau skiptast í héraðssambönd, ungmennasambönd og íþróttabandalög. Öll héraðs- og ungmennasambönd eiga nú þegar aðild að UMFÍ.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64/1998 í íþróttalögum annast ÍSÍ og UMFÍ skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum. Þá er meðal markmiða í nýttgefni íþróttastefnu til 2030 að íþróttahéruð verði endurskipulögð og hlutverk þeirra skilgreind að nýju.

Eigi UMFÍ að sinna uppbyggingu og stjórnskipulagi þeirra telur stjórn UMFÍ æskilegt að íþróttahéruðin séu aðilar að UMFÍ.

Þá er það í samræmi við gildi og tilgang UMFÍ að veita flestum tækifæri til að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi. Til viðbótar kemur fram í lögum UMFÍ að starfa skuli í anda jafnréttis. Kjörorð og markmið UMFÍ eru ræktun lýðs og lands. Þeim markmiðum telur stjórn UMFÍ náð með aðild íþróttabandalaga að UMFÍ.

Til frekari upplýsinga er vísað til nefndarálits vinnuhóps um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ.

Óbreytt tillaga.

Fram kom í umræðum í nefndinni að einungis væri um að ræða staðfestar umsóknir frá ÍBR, ÍA og ÍBA, en ekki annarra. Frá því var greint á þinginu og tillagan borin upp til samþykktar með þessum upplýsingum.

Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Þingskjal nr. 10

Lagabreytingar Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum UMFÍ:

Tillagan tengist þingskjali 9 og 11 um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ og lottó-reglugerð.

Tillögurnar fela í sér breytingar í tengslum við aðild að UMFÍ; 4. grein, 5. grein, 9. grein og 12. grein.

Greinargerð: Vísað er til nefndarálits vinnuhóps um aðild íþróttabandalaga. Sjá nánari greinargerð við hverja grein. Viðbætur eru skáletraðar og texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður. Hver lagagrein eins og hún verður í heild sinni er svo sett upp þar sem um veigameiri breytingar er að ræða til skýringar.

Lög Ungmennafélags Íslands

III. kafli: Réttindi og skyldur

4. grein

UMFÍ skiptist í íþróttahéruð. Einnig geta ungmenna- og íþróttafélög innan íþróttahéraða sem ekki eru aðilar að UMFÍ gerst aðilar.

Greinargerð: UMFÍ er landssamband og því er eðlilegt að öll íþróttahéruð hafi jafnan rétt til að gerast aðilar að UMFÍ hvað sem þau heita, enda er í lögum þessum kveðið um að starfa í anda friðar og jafnréttis.

Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

5. grein

Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og samböndum úr UMFÍ.

Óbreytt tillaga.

Samþykkt samhljóða

IV. kafli: Stjórnun UMFÍ

9. grein (Tillaga á þingskjali nr. 14 var sameinuð þessari tillögu)

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. maí það ár sem þing er haldið sem hér segir:

1 fulltrúa fyrir 1–200 skattskyldra félaga.

1 fulltrúa fyrir 201–1000 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 1000 skattskyldra félaga þar yfir en þó að hámarki 7 fulltrúar félaga með beina aðild og 10 fulltrúar frá öðrum sambandsaðilum.

Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sambandsþing er lögmeitt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Lagabreytingar.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 stjórnarmenn og 4 varastjórnarmenn.
- Kjósa 5 aðalmenn og tvo varamenn í kjörnefnd,
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ

Aukabing er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess og skal það þá boðað eftir lögum um boðun sambandsþings.

Greinargerð: Breytingar voru eingöngu gerðar á síðasta hluta greinarinnar þ.e. varðandi verkefni sambandsþings, áritun löggilts endurskoðanda og aukabing.

Samþykkt samhljóða

12. grein

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundum. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til ef um lagabreytingu er að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði.

Greinargerð: Orðalagsbreyting á lögum til þess að áherslur séu skýrari um aukinn meirihluta og talningu atkvæða.

Þórir Haraldsson, HSK, benti á að tillagan fæli í sér tvítekingu miðað við 16. grein, og lagði til að tillagan hljóðaði svona, og að breyting á 12. grein færist inn í 16. grein:

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundum, nema um lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði

Samþykkt samhljóða

16. grein (skv. ábendingu Þóris)

Lögum þessum **og reglugerð um skiptingu lottótekna** má aðeins breyta á lögum sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði. Tillögur til lagabreytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing. Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kyntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 11

Reglugerð um lottóreglur og lottóúthlutanir Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir eftirfarandi breytingar á lottó-reglugerð UMFÍ. Tillagan tengist þingskjölum 9 og 10 um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ og lagabreytingar.

Greinargerð: Vísað er til nefndarálits vinnuhóps um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ

Lottóreglur og lottóúthlutanir

I. Skipting lottótekna UMFÍ:

- 79% til sambandsaðila.
- 14% til UMFÍ.
- 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ:

- 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið

sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir

Einn hlutur: héraðssambönd.

30% af hlut: Keflavík, Íþróttá- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFF, UMFb og UFA.

10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji.

IV. Regla vegna íbúafjölda:

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagsskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

VII. Nýir sambandsaðilar.

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandaaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

VIII. Um úthlutun.

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Bráðabirgðaákvæði

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 51. sambandsþingi UMFÍ 2019.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 12

Lagabreytingar
Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum UMFÍ. Tillögur eru gerðar um lagabreytingar á 2., 3., 7., 8., 10., 11., 13., 14. og 17. grein.

Greinargerð: Tillögurnar eru gerðar til nánari skilgreiningar laga UMFÍ og í samræmi við verklag sem nú þegar er viðhaft. Sjá nánari greinargerð við hverja tillögu. Viðbætur eru skáletraðar og texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður. Hver lagagrein eins og hún verður í heild sinni er svo sett upp þar sem um veigameiri breytingar er að ræða til skýringar.

Lög Ungmennafélags Íslands

2. grein

Fáni UMFÍ er Hvítbláinn.

Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt.

Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess. Merki UMFÍ er eign UMFÍ og verndað vörumerki.

Óbreytt tillaga.

Samþykkt samhljóða.

II. kafli: Hlutverk UMFÍ

3. grein

Hlutverk UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Hlutverki sínu hyggst UMFÍ ná með því að vinna eftir samþykktri stefnu UMFÍ eins og hún er hverju sinni, með áherslu á arfleifð UMFÍ sem grundvallast í eftirfarandi setningum:

- Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
- Standa fyrir iðkun íþrótta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu.
- Starfa í anda friðar og jafnréttis.
- Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum.
- Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
- Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.
- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, áttthaga og ættjörð.

Greinargerð: *Hér er lögð til breyting í samræmi við innihald greinarinnar og starfsemi UMFÍ.*

Samþykkt samhljóða.

III. kafli: Réttindi og skyldur

7. grein

Hvert aðildarfélag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum félagsmanni eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

Greinargerð: *Hér er lagt til að aðlaga lög UMFÍ að þeim verkferlum sem er í raun verið að vinna eftir*

Samþykkt samhljóða.

8. grein

Sérhver félagi aðildarfélags innan UMFÍ hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum innan hreyfingarinnar.

Greinargerð: Innan UMFÍ er fjöldi félaga sem hefur ekki ungmennafélag í nafni sínu, m.a. íþróttafélög, gólffélög, hestamannafélög o.fl. Tillagan um breytingu er í samræmi við skipulag hreyfingar.

Óbreytt tillaga.

Samþykkt samhljóða.

IV. kafli: Stjórnun UMFÍ

10. grein

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta sambandsþing til afgreiðslu.

- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

Greinargerð: Breytingin er í samræmi við verkferla sem eru til staðar.

Óbreytt tillaga.

Samþykkt samhljóða.

11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir einstaklingar og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm einstaklinga kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing.

Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá menn og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.

- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

Samþykkt samhljóða.

V. kafli: Landsmót og Unglingalandsmót

13. grein

Stjórn UMFÍ samþykkir reglugerðir um Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót UMFÍ 50+ og aðra viðburði og ákveður hvar þeir skulu haldnir hverju sinni.

Greinargerð: *Reglugerð um Landsmót tekur á þessum þáttum og því ekki nauðsynlegt að hafa í lögum UMFÍ ákvæði um einstaka viðburði.*

Tillagan felld. Samþykkt að halda óbreyttu.

VI. kafli: Heiðursviðurkenningar

14. grein

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá einstaklinga er unnið hafa ungmennafélagshreyfingunni óvenju mikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

Samþykkt á 51. sambandsþingi UMFÍ 2019.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 14

Lagabreyting Tillaga frá stjórn UMSK

Tillagan var felld inn í þingskjal 10.

Þingskjal nr. 16

Lagabreytingar Tillaga frá Ungmennaráði UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að Ungmennaráð UMFÍ skuli tilnefna einn áheyrnarfulltrúa, með málfrelsi og tillögurétt, í stjórn UMFÍ.

Greinargerð: Í stefnu UMFÍ (Ungmennafélag Íslands, Samfélaginu til góða, í stefnu UMFÍ 2017) kemur fram að UMFÍ leggi áherslu á að vera nútímaleg, aðgengileg og leiðandi samtök í stöðugri framþróun. Samtökin skulu bregðast við og laga sig að breyttum þörfum samfélagsins (Ungmennafélag Íslands, bls. 29). Einnig kemur fram að UMFÍ leggi áherslu á að kynna mikilvægi starfseminnar og að nýta fjölbreyttar og nútímalegar aðferðir til að auka sýnileika og að ná til allra aldurshópa (Ungmennafélag Íslands, bls. 25). Í ungmennaráði UMFÍ eru að jafnan 10 meðlimir á aldrinum 16–25 ára og í erindisbréfi ungmennaráðsins kemur fram að hlutverk og verkefni ungmennaráðs er:

- Að móta og framfylgja stefnumörkun hjá UMFÍ varðandi ungmenni
- Skipulag, framkvæmd og eftirfylgni verkefna með hliðsjón af stefnumörkun

- Að vera stjórn til ráðgjafar varðandi málaflokkinn
- Að starfa samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun hverju sinni

Í erindisbréfi kemur einnig fram að UMFÍ geti sent ungmennaráðinu ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum (Ungmennafélag Íslands, Erindisbréf fyrir ungmennaráð, 2017). Ungt fólk er sérfræðingar í málefnum ungs fólks og viljum við með þessari tillögu auka vægi og þátttöku ungmenna ásamt því að tryggja að það að það sé ávallt ungmenni undir 25 ára aldri í stjórn UMFÍ. Með því að tryggja virka þátttöku ungmenna er stuðlað að nútímalegri og fjölbreyttari aðferðum til að auka sýnileika og ná til allra aldurshópa sem er í takt við stefnu UMFÍ (2017). Ungmennaráð UMFÍ 18. september .

Samþykkt samhljóða.

Hlé gert á álitni nefnda.

KYNNING Á FRAMBOÐUM TIL STJÓRNAR.

Hver frambjóðandi fékk 2 mínútur til að kynna sig.

Framboð til stjórnar og/eða varastjórnar

Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir UDN

Gissur Jónsson HSK

Guðmundur G. Sigurbergsson UMSK

Gunnar Gunnarsson UÍA

Gunnar Þór Gestsson UMSS

Hallbera Eiríksdóttir UMSB

Helga Jóhannesdóttir UMSK

Jóhann Steinar Ingimundarson UMSK

Lárus B. Lárusson UMSK

Ragnheiður Högnadóttir USVS

Sigurður Óskar Jónsson USÚ

KYNNING Á UNGMENNA- OG TÓMSTUNDAÞINGUM UMFÍ

Jörgen Nilsson, starfsmaður búðanna kynnti starfsemina á Laugarvatni.

Þingi frestað kl. 18:30

Sunnudagur 15. október

Þingi framhaldið kl. 9:30.

NEFNDIR SKILA ÁLITI - framhald

Allsherjarnefnd

Sigurður Eiríksson gerði grein fyrir starfi nefndarinnar.

Þingskjal nr. 2

Þakkartillögur
Tillögur frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Ráðherra mennta- og menningarmála, ríkisstjórn og Alþingi, þakkir fyrir þeirra framlag við uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.
- Ráðherra mennta- og menningarmála, ríkisstjórn og Alþingi, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekja athygli á því mikilvæga íþróttá-, menningar- og umhverfisstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.
- Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, þakkir fyrir skjót og góð viðbrögð við #églíka byltingunni hjá íþróttakönum. Ráðherra tók vel í áherslur og ályktanir hreyfingarinnar og er skipun samskiptaráðgjafa í íþróttá- og æskulýðsstarfi einn liður í þeim aðgerðum sem sérstaklega ber að þakka.
- Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra, og starfsfólki ráðuneytisins þakkir fyrir að stefnumótun í íþróttamálum hefur verið gefin út. UMFÍ hlakkar til samstarfsins á næstu árum.
- Sveitarfélaginu Fjarðabyggð og bæjarstjórn fyrir góða aðstöðu og móttökur á 9. Landsmóti UMFÍ 50+, ÚÍA fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð, svo og sjálfboðaliðum fyrir það mikla sjálfboðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.
- Sveitarfélaginu Hornafirði og bæjarstjórn fyrir góða aðstöðu og móttökur á 22. Unglingalandsmóti UMFÍ, USÚ fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð, svo og sjálfboðaliðum fyrir það mikla sjálfboðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.
- Æskulýðsvettvanginum og aðildarfélögum hans fyrir vel unnin störf og hvatningu til áframhaldandi góðra verka.
- Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, stjórn og starfsmönnum fyrir afar gott samstarf á árinu og vel unnin störf. Þá hvetur sambandsþing UMFÍ til áframhaldandi aukins samstarfs á komandi árum.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 3

Hvatningartillögur Tillögur frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi til sambandsaðila:

- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 23. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi 2020.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á Íþróttaveislu í Kópavogi 2020, 29. Landsmót UMFÍ.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 10. Landsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi 2020.
- Hvetja sambandsaðila til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði á vegum Rannís (Erasmus) til að efla starfið á sínu svæði.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér Æskulýðsvettvanginn og nýta sér þau verkefni sem hann hefur upp á að bjóða.
- Hvetja sambandsaðila til aukins samstarfs við rannsóknar- og háskólasamfélagið.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 4

Rafíþróttir Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 hvetur stjórn UMFÍ og sambandsaðila til að eiga samstarf við Rafíþróttasamtök Íslands varðandi starfsemi og skipulag æfinga, aðstöðu fyrir iðkun og eftirlit rafíþróttá.

Greinargerð: Iðkun rafíþróttar hefur verið sívaxandi síðustu árin. Ljóst er að fjöldi fólks á ýmsum aldri stundar slíka tölvuleiki/íþróttir og víða eru haldnar stórar keppnir á þessu sviði. Leggjja þarf sérstaka áherslu á að halda utan um iðkun barna og unglinga. Samkvæmt Rafíþróttasamtökunum er mikil áhersla lögð á að standa fyrir skipulögðum æfingum rafíþróttar og tengja við líkamlegar æfingar og heilbrigðan lífsstíl. Það er því jákvætt að vinna að því að deildir félaga eða félög sem hafa rafíþróttir innan sinna raða og starfa innan íþróttar- og ungmennafélaga geti boðið aðstöðu í eða sem næst öðru íþróttastarfi sem fyrir er. Með því móti næst meiri tenging við annað íþróttastarf og afþreyingu á vegum félaga auk þess sem gæsla og eftirlit með ungum iðkendum er betri.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 5

Ráðstefna um forvarnir Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að fela stjórn að hefja undirbúning ráðstefnu sem haldin verði á vormánuðum 2020 um forvarnir á breiðum grundvelli, m.a. í samstarfi við heilbrigðisyfirvöld og menntastofnanir.

Greinargerð: UMFÍ leggur áherslu á að vera leiðandi í fræðslu- og forvarnastarfi, íþróttaiðkun og hreyfingu og vinna að bættri lýðheilsu landsmanna, skv. stefnu UMFÍ. Ýmsir lífsstílsjúkdómar eru vaxandi vandamál á Íslandi, líkt og víða í hinum vestræna heimi, og fyrir séð að kostnaður íslenska ríkisins vegna þeirra muni aukast verulega á komandi árum. Ráðstefnunni er ætlað að koma á samtali á milli sérfróðra aðila og almennings um lífsstílsjúkdóma og lausnir, með UMFÍ og sambandsaðila þess í fararbroddi.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 6

Umhverfismál Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að gera úttekt á umhverfisáhrifum af starfsemi og viðburðum UMFÍ og möguleikum til að draga úr neikvæðum áhrifum, í samræmi við stefnu UMFÍ. Niðurstaða úttektarinnar verði kynnt á sambandsráðsfundi 2020.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 7

Getspá og getraunir Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 hvetur sambandsaðila til þess að standa vörð um starfsemi fyrirtækjanna Íslensk getspá og Íslenskar getraunir. Þingið hvetur jafnframt yfirvöld til þess að grípa tafarlaust til aðgerða varðandi ólöglega starfsemi veðmálafyrirtækja sem bjóða hana hér á landi.

Greinargerð: Fyrirtæki íþróttahreyfingarinnar, Íslensk getspá og Íslenskar getraunir hafa lengi greitt arð til eigenda sinna, íþróttar- og ungmennahreyfingarinnar og Öryrkjabandalagsins. Mikilvægt er að hvetja sambandsaðila til að standa vörð um þá tekjustofna sem koma frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum og nýta betur þau tækifæri sem felast í þeim.

Örn Guðnason, UMFÍ, greindi frá starfsemi Íslenskrar getspár og sagði m.a. að lottóleikirnir Lottó, Vikinglotto og Eurolotto hefðu gengið einstaklega vel undanfarin 12 ár og allt stefndi í gott ár í ár. Hann sagði að mesta ógn stæði af erlendri getraunastarfsemi sem hefði áhrif á rekstur Íslenskra getrauna. Erlend getraunafyrirtæki væru með hærra vinningshlutfall og legðu ekkert af mörkum til samfélagsins eins og Íslenskar getraunir gerðu. Örn sagði að Íslensk getspá og Íslenskar getraunir væru hornsteinar hreyfingarinnar og hvatti þingheim til að muna að þegar lottómiði eða getraunaseðill er keyptur, er einnig verið að styrkja félögin.

Valgerður Auðunsdóttir, HSK, lagði til að tillagan verði send inn á öll heimili landsins, m.a. í héraðsfréttablöðum og fréttabréfum.

Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta – 1 á móti.

Þingskjal nr. 13

Raflípróttir Tillaga frá stjórn UMSK

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að skipa starfsnefnd sem hefur það hlutverk að skoða og koma með tillögu um hvaða leið við í ungmennafélagshreyfingunni viljum fara varðandi raflípróttir. Nefndin skili niðurstöðum á sambandsráðsfundi UMFÍ haustið 2020.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 15

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 hvetur sambandsaðila og aðildarfélög þeirra til að hefja stórátak í skógrækt og landgræðslu til að vinna að landbótum og bindingu kolefnis, og leita eftir atvikum samstarfs um það við félög og stofnanir sem að þeim málum vinna. Jafnframt eru sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra hvött til að leita leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfsemi sinnar.

Samþykkt samhljóða

Hlé gert á álitni nefnda.

KOSNING FORMANNS

Einar Kristján Jónsson, formaður kjörnefndar, greindi frá því að Haukur Valtýsson væri einn í kjöri. Hann var því sjálfkjörinn og var því fagnað með lófataki.

Haukur Valtýsson þakkaði fyrir traustið og sagðist hlakka til komandi kjörtímabils.

Þingi fram haldið, álit fjárhagsnefndar

Reimar Marteinnsson gerði grein fyrir starfi nefndarinnar.

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13.október 2019, samþykkir fjárhagsáætlun UMFÍ 2020.

Heildaryfirlit um rekstur 2020

Áætlun

Rekstrartekjur:

	Aðalsjóður	Ungmenna búðir	Fræðslu og verk.sjóður	Umhverfis-sjóður	Samtals
Ríkisframlag	111.800.000	17.800.000			129.600.000
Lottó og getraunir	176.340.000		13.160.000		189.500.000
Aðrar tekjur	60.430.000	68.800.000		700.000	129.930.000
	348.570.000	86.600.000	13.160.000	700.000	449.030.000

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	70.357.913	44.594.998			114.952.911
Annar rekstrarkostnaður	120.927.420	40.937.000			161.864.420
Lottó til sambandsaðila	148.401.500				148.401.500
Veittir styrkir	2.000.000		13.160.000	1.000.000	16.160.000
Afskriftir	3.679.680	979.680			4.659.360
	345.366.513	86.511.678	13.160.000	1.000.000	446.038.191

Afkoma f. fjármagnsliði

	3.203.487	88.322	0	(300.000)	2.991.809
--	-----------	--------	---	-----------	-----------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur	800.000		1.000.000	400.000	2.200.000
Greiddir vextir og verðbætur	(2.550.000)				(2.550.000)
Áfallnar verðbætur	(1.350.000)				(1.350.000)
	(3.100.000)	0	1.000.000	400.000	(1.700.000)

	103.487	88.322	1.000.000	100.000	1.291.809
--	---------	--------	-----------	---------	-----------

Rekstrarniðurstaða:

	103.487	88.322	1.000.000	100.000	1.291.809
--	---------	--------	-----------	---------	-----------

Samþykkt samhljóða

Einar Haraldsson, Keflavík, hvatti stjórn til að huga að framtíðinni, sterkari samtökum með tilkomu inngöngu íþrótta-bandalaganna. Hann hvatti jafnframt stjórn til að hlúa betur að ungu afreksfólki, sem hefði kannski ekki mikið á milli handanna, en væri valið í kostnaðarsöm landsliðsverkefni. Kostnaður fjölskyldna gæti jafnvel numið hundruðum þúsunda króna.

Þingskjal nr. 8

Lottó
Tillaga frá stjórn UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að skipa starfsnefnd sem hefur það hlutverk að skoða og leggja mat á áreiðanleika þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar við útdeilingu lottótekna og jafnframt kanna kosti og galla þess að nota aðra mælikvarða við útdeilingu lottótekna. Nefndin skili niðurstöðum á Sambandsráðsfundi UMFÍ 2020.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 17

Árgjald
Tillaga frá fjárhagsnefnd

51. sambandsþing UMFÍ haldið á Laugarbakka 11.–13. október 2019 samþykkir að árgjald verði 0 kr. fyrir árið 2020

Samþykkt samhljóða

KOSNING STJÓRNAR

Kosning til stjórnar UMFÍ, 9 manns í kjöri. Kosnir eru 6 fulltrúar í stjórn UMFÍ.

Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir UDN

Gissur Jónsson HSK

Guðmundur G. Sigurbergsson UMSK

Gunnar Gunnarsson UÍA

Gunnar Þór Gestsson UMSS

Hallbera Eiríksdóttir UMSB

Jóhann S. Ingimundarson UMSK

Ragnheiður Högnadóttir USVS

Sigurður Óskar Jónsson USÚ

Kaffihlé

KYNNING STARFSFÓLKIS Á VERKEFNUM UMFÍ

Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ, kynnti með myndbandi Landsmót UMFÍ og fór yfir mótahald komandi árs.

Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Borgarnesi 19.–21. júní 2020. Hann sagði að það væru forréttindi að taka á móti fólki, sem komið á efri ár, það mæti með íþróttatösku og væri komið til að taka þátt í íþróttamóti. Viku seinna er Íþróttaveislan í Kópavogi. Þar munu þrjú félag halda að mestu utan um mótahaldið. Þau eru Gerpla, Breiðablik og HK. Unglingalandsmót verður svo haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina.

Matmaður þingsins

Guðríður Aadnegard útnefndi **Guðmund L. Gunnarsson**, matmann þingsins. Þar sem askurinn hafði ekki borist í tæka tíð færði Guðríður Guðmundi DVD-disk um Landsmót UMFÍ á sambandssvæði HSK og próteinstöng. Sagði hún að Guðmundi yrði færður askurinn við fyrsta tækifæri.

Hún fór jafnframt með eftirfarandi ljóð:

Gjöfin

Ég veit ekki hvort þú hefur,
huga þinn við það fest.
Að fegursta gjöf sem þú gefur,
er gjöfin sem varla sést.

Ástúð í andartaki,
augað sem glaðlegt hlær,
hlýja í handartaki
hjarta sem örur slær.

Allt sem þú hugsar í hljóði
heiminum breytir til.
Gef þú úr sálarsjóði,
sakleysi fegurð og yl.

Niðurstaða í kosningu stjórnar

Ragnheiður Högnadóttir	89 atkvæði
Guðmundur G. Sigurbergsson	85 atkvæði
Gunnar Gunnarsson	78 atkvæði
Sigurður Óskar Jónsson	76 atkvæði
Jóhann S. Ingimundarson	69 atkvæði
Gunnar Þór Gestsson	61 atkvæði

97 þingfulltrúar greiddu atkvæði.

Gissur Jónsson, Hallbera Eiríksdóttir og Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir, sem ekki náðu kjöri í stjórn, gáfu öll kost á sér til varastjórnar auk Lárusar B. Lárussonar. Helga Jóhannesdóttir dró framboð sitt til baka. Þar sem einungis fjórir voru í framboði til varastjórnar var því sjálfkjörið. Dregið var um röð varamanna og er röðin þessi:

1. Hallbera Eiríksdóttir
2. Lárus B. Lárusson
3. Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir
4. Gissur Jónsson

Stjórn UMFÍ 2019–2021

Haukur Valtýsson, formaður
Ragnheiður Högnadóttir
Guðmundur G. Sigurbergsson
Gunnar Gunnarsson
Sigurður Óskar Jónsson
Jóhann Steinar Ingimundarson
Gunnar Þór Gestsson

Varastjórn

Hallbera Eiríksdóttir
Lárus B. Lárusson
Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir
Gissur Jónsson

Tillaga að kjörnefnd sem starfar milli þinga

Einar Kristján Jónsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Hrönn Jónsdóttir, Einar Haraldsson og Valdemar Leó Friðriksson.

Til vara: Anna Bjarnadóttir og Magnús Gíslason.

Samþykkt samhljóða

ÖNNUR MÁL

Örn Guðnason þakkaði fyrir þann heiður sem honum og Hrönn Jónsdóttur var sýndur með því að sæma þau gullmerki UMFÍ. Hann þakkaði samstarfsfólki í stjórn UMFÍ í gegnum tíðina fyrir ánægjulegt samstarf og óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar í starfi. Örn hvatti stjórn, og alla sem starfa innan hreyfingarinnar, til að hafa heiðarleika og gleði að leiðarljósi.

ÞINGSSLIT

Haukur Valtýsson formaður UMFÍ, sleit þingi og bauð því næst til hádegisverðar.

Fulltrúar frá sambandsaðilum

Alls mættu 106 þingfulltrúar frá eftirfarandi sambandsaðilum.

Tölur í svigum eru (fulltrúafjöldi/mættir fulltrúar).

HSB (3/2)

Jónas L. Sigursteinsson og Ragnheiður I. Ragnarsdóttir.

HSH (6/2)

Hjörleifur K. Hjörleifsson og Garðar Svansson.

HSS (3/2)

Hrafnhildur Skúladóttir og Sigríður Drífa Þórólfsdóttir.

HSP (6/4)

Jónas Egilsson, Stefán Jónasson, Sigfús Hilmir Jónsson og Gunnhildur Hinriksdóttir.

HSV (6/3)

Hildur Elísabet Pétursdóttir, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir.

HHF (3/2)

Margrét Brynjólfssdóttir og Ragnheiður Högnadóttir.

HSK (18/18)

Guðríður Aadnegard form., Anný Ingimundardóttir, Baldur Gauti Tryggvason, Engilbert Olgeirsson, Fanney Ólafsdóttir, Gissur Jónsson, Guðmunda Ólafsdóttir, Guðmundur Jónasson, Guðrún Tryggvadóttir, Helgi S. Haraldsson, Jóhanna Hjartardóttir, Markús Ívarsson, Ragnar Sigurðsson, Sandra Björg Gunnarsdóttir, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Þórir Haraldsson og Örn Guðnason.

UÍA (9/5)

Gunnar Gunnarsson form., Gunnar Gunnarsson, Jósef Auðunn Friðriksson, Benedikt Jónsson og Daði Þór Jóhannsson.

UÍF (4/1)

Anna Þórisdóttir

USAH (3/2)

Rúnar Aðalbjörn Pétursson og Auður Ingimundardóttir.

Til vara: Guðrún Sigurjónsdóttir, Hugrún Lilja Pétursdóttir og Pétur Pétursson.

UMSB (6/6)

Sigurður Guðmundsson, Bragi Þór Svavarsson, Hallbera Eiríksdóttir, RakeL Guðjónsdóttir, Guðrún Hildur Þórðardóttir og Ástríður Guðmundsdóttir.

UDN (3/3)

Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir og Herdís Erna Matthíasdóttir

UMSE (4/3)

Sigurður Eiríksson, Anton Scheel Birgisson og Stefán Skafti Steinólfsson.

UMSK (18/15)

Valdimar Leó Friðriksson form., Magnús Gíslason, Sjöfn Þórðardóttir, Valdimar Gunnarsson, Sigurður Bjarnason, Ása Inga Þorsteinsdóttir, Örn Jónasson, Eysteinn Lárusson, Hanna Carla Jóhannsdóttir, Steini Þorvaldsson, Kristján Thorlacius, Guðmundur G. Sigurbergsson, Lárus B. Lárusson, Helga Jóhannesdóttir og Jóhann Steinar Ingimundarson.

UMSS (7/3)

Þorvaldur Gröndal, Gunnar Þór Gestsson og Thelma Knútsdóttir.

USVS (3/3)

Sigmar Helgason, Kristín Ásgeirsdóttir og Ragnar Þorsteinsson.

Til vara: Sæunn Káradóttir

USVH (3/3)

Reimar Marteinnsson, Halldór Sigfússon og Sara Ólafsdóttir.

USÚ (4/3)

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, Sigurður Óskar Jónsson og Björn Ármann Jónsson.

Keflavík (17/5)

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Bjarney S. Snævarsdóttir, Dagbjört Ýr Gylfadóttir og Kristján Þór Karlsson.

UFA (2/1)

Haukur Valtýsson.

UMFG (2/2)

Bjarni Már Svavarsson og Jón Ólafur Sigurðsson.

UMFK (2/2)

Olga Ellen Þorsteinsdóttir og Arnar Grétarsson.

UMFN (7)

Ólafur Eyjólfsson, Anna Andrésdóttir, Ágústa Guðmarsdóttir, Jenný Lovísa Lárusdóttir, Thor Ó. Hallgrímsson, Bergþóra Ósk Jóhannsdóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir.

UMFF (17/5)

Guðmundur L. Gunnarsson, Helgi Árnason, Jósep Grímsson, Gunnar Örn Hilmarsson og Jón Þorgeir Kristjánsson.

UMFÓ (0/0)

USK (1/1)

Anna Bjarnadóttir

Vesturhlíð (1/1)

Einar Kristján Jónsson

UV (0/0)

UMFÞ (2/2)

Petra Ruth Rúnarsdóttir og Gunnar Helgason.

Stjórn UMFÍ (11)

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ

Örn Guðnason, varaformaður UMFÍ

Hrönn Jónsdóttir, ritari UMFÍ

Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ

Ragnheiður Högnadóttir, meðstjórnandi UMFÍ

Gunnar Gunnarsson, meðstjórnandi UMFÍ

Jóhann Steinar Ingibergsson, meðstjórnandi UMFÍ

Sigurður Óskar Jónsson, varastjórn UMFÍ

Gunnar Þór Gestsson, varastjórn UMFÍ

Lárus B. Lárusson, varastjórn UMFÍ

Helga Jóhannesdóttir, varastjórn UMFÍ

Starfsfólk UMFÍ (7)

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarstjóri UMFÍ

Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ

Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ

Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ

Guðbirna K. Þórðardóttir, skrifstofustjóri UMFÍ

Jörgen Nilsson, Ungmennabúðum UMFÍ

Þinggerð rituðu:

Hrönn Jónsdóttir (sign),

Sigurður Óskar Jónsson (sign)

Örn Guðnason (sign)